

**Nd.**

**96. Frumvarp til laga**

[65. mál]

um greiðslu opinberra gjalda fyrri hluta ársins 1980.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

**1. gr.**

Á fyrri hluta ársins 1980 skal innheimta fyrirfram til ríkissjóðs upp í væntanleg þinggjöld hvers gjaldanda 65% af þinggjöldum þeim sem honum bar að greiða á árinu 1979. Skal fyrirframgreiðslan falla í gjalddaga með fimm jöfnum fjárhæðum hinn 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní 1980.

Af hjónum sem samsköttuð voru á árinu 1979 skal innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá er á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979

og bera hjónin samábyrgð á þeirri greiðslu. Skal fyrirframgreiðsla þessi ganga til greiðslu á þinggjöldum er á hjónin hvort um sig kunna að verða lögð á árinu 1980 í sömu hlutföllum og verða á milli heildarþinggjalda þeirra á árinu. Dráttarvextir er á kunna að falla vegna vanskila á sameiginlegri fyrirframgreiðslu hjóna skv. lögum þessum skulu eftir álagningu skiptast milli hjóna í sömu hlutföllum.

2. gr.

Kaupgreiðendum er skylt að tilkynna viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs um þá launþega er þeir greiða kaup og skal þeim skylt að halda eftir af kaupi þeirra til lúkningar fyrirframgreiðslu. Kaupgreiðandi, sem vanrækir að halda eftir af kaupi launþega, ber sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

3. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjalddaga. Dráttarvextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Taka má gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki ásamt dráttarvöxtum hjá gjaldanda eða öðrum þeim, sem bera ábyrgð á greiðslum hans.

4. gr.

Sveitarstjórnnum skal heimilt á árinu 1980 að innheimta fyrirfram til greiðslu upp í útsvar allt að 70% af útsvari fyrra árs.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. um sameiginlega fyrirframgreiðslu hjóna á þinggjöldum skulu einnig eiga við um útsvör eftir því sem við getur átt. Að öðru leyti gilda ákvæði l. nr. 8/1972 með síðari breytingum um innheimtu útsvara.

Þar sem innheimta ríkis og sveitarfélaga er sameiginleg getur fjármálaráðherra með reglugerð ákveðið fyrirframgreiðsluna innan þeirra marka, er um getur í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, með hliðsjón af hlutfalli milli útsvara og þinggjalda í viðkomandi umdæmi árið 1979.

5. gr.

Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um innheimtu samkvæmt þessum lögum, þ. á m. um lækun fyrirframgreiðsluskyldu hafi tekjur gjaldanda lækkað að mun milli ára eða ef ástæður hans hafa með öðrum hætti breyst mjög.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 40 18. maí 1978 um tekju- og eignarskatt sem lagt var fyrir Alþingi skömmu fyrir jól er m. a. að finna ákvæði um fyrirframinnheimtu opinberra gjalda. Þar sem nú er hins vegar ljóst að umrætt lagafrumvarp nær ekki fram að ganga á allra næstu dögum ber brýna nauðsyn til að lögfesta þegar í stað ákvæði um heimild til fyrirframinnheimtu opinberra gjalda, þannig að hún gæti hafist hinn 1. febrúar n.k. eins og venja hefur verið undanfarin ár. Af þessum sökum er frumvarp þetta lagt fram.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar er gert ráð fyrir að fyrirframgreiðslan verði 65% af álögðum gjöldum ársins 1979. Við ákvörðun þessa hlutfalls er annars vegar haft í huga að ef hlutfall skatta af tekjum á að vera hið sama fyrri og síðari hluta árs þyrfti fyrirframgreiðslan að vera 62% af álögðum gjöldum ársins 1979, og er þá miðað við u.þ.b. 43% aukningu tekna milli árána 1979 og 1980, sem sýnist þó frekar varlega áætluð. Hins vegar er og tekið mið af því að ef greiðsla opinberra gjalda á að nema jafnhárrí fjárhæð fyrri hluta og síðari hluta árs, þyrfti fyrirframgreiðslan að vera 66% af álögðum gjöldum ársins 1979. Með því að kveða á um að hlutfallið skuli vera 65% er reynt að taka tillit til beggja þessara sjónarmiða.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 63. gr. 1. nr. 40/1978 um tekju- og eignarskatt sem kveða á um sjálfstæða skattaðild hvors hjóna um sig og takmarkaða sérsköttun þeirra, þykir ekki verða hjá því komist að kveða á um að af hjónum, sem samsköttuð voru á árinu 1979, skuli innheimta sameiginlega fyrirframgreiðslu miðað við skatta þá, sem á þau voru lagðir sameiginlega á árinu 1979. Að öðrum kosti mundu hinar nýju reglur um sjálfstæða skattaðild hjóna leiða til þess, að það hjóna sem á var lagður skattur á árinu 1979, yrði eitt talið greiða fyrirfram upp í gjöld þau, sem á það hjóna kunna að verða lögð á árinu 1980, en ekki upp í væntanleg gjöld hins hjóna, þó svo að fyrirframgreiðslan sé hlutfall af skattgreiðslu þeirra beggja á árinu 1979. Ef ekki er sérstaklega kveðið á um sameiginlega fyrirframgreiðslu hjóna, sem samsköttuð voru á árinu 1979, og skiptingu hennar í sömu hlutföllum og verða á milli heildarþinggjalda þeirra á árinu 1980 er því hætt við að fyrirframgreiðsla þess hjóna, sem skattur var á lagður árinu 1979, verði of há miðað við jafna greiðslu skatta allt árið og jafnvel hærri en væntanleg álagning, þannig að til endurgreiðslu ríkissjóðs kynni að koma. Á hinn bóginn yrði það hjóna, sem ekki var lagður á skattur á árinu 1979, ekki talið hafa greitt nein gjöld fyrirfram og legðist því gjaldþyrðin óeðlilega þungt á það á síðari hluta ársins eftir að álagningu lýkur.

Um 2. og 3. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða fyrri lagaákvæðum um skyldur kaupgreiðanda til að halda eftir að kaupí starfsmanna sinna annars vegar og um dráttarvexti og lögtaksrétt hins vegar.

Um 4. gr.

Hér er lagt til að sveitarfélögum skuli heimilað að innheimta 70% af útsvörum ársins 1979 á fyrri hluta ársins 1980. Er hlutfall þetta hærra en sambærilegt hlutfall vegna þinggjalda í 1. gr. vegna þess að þar er tekið tillit til fyrirhugaðrar lækkunar tekjuskatts skv. fjárlagafrumvarpi en slík lækkun er ekki fyrirhuguð við álagningu útsvara.

Í 3. mgr. er kveðið á um ákvörðun fyrirframgreiðsluhlutfalls þar sem ríki og sveitarfélög standa sameiginlega að innheimtu en það er nú í Reykjavík og á Sel-tjarnarnesi.

Um 5. og 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.